

Alþingi
101 Reykjavík.

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa

Akureyri 27. október 2021

Efni: Utankjörfundaratkvæði sem ekki voru tekin til greina.



Utankjörfundaratkvæði sem úrskurðuð voru ógild skiptast þannig að 2 kjósendur voru ekki á kjörskrá, 2 utankjörfundaratkvæði voru án fullnægjandi fylgigagna og 18 utankjörfundaratkvæði voru frá kjósendum sem kusu oftár en einu sinni, annað hvort utankjörfundar eða þá aftur á kjörstað á kjördag.

Liður a. Ytri umslög utankjörfundaratkvæða voru ekki opnuð áður en þau bárust til yfirkjörstjórnar og henni er ekki kunnugt um að þau hafi borist opnuð til kjördeilda sem tóku á móti þeim og afgreiddu í sína kjörkassa.

Liður b. Umboðsmenn voru á talningarstað og höfðu kost á að vera viðstaddir flokkun og úrskurð um ógild eða tæk utankjörfundaratkvæði hjá yfirkjörstjórn.

Liður c. Þeir utankjörfundaratkvæðaseðlar sem bárust til yfirkjörstjórnar og tilheyrðu Akureyrarkjördeildum voru afhentir kjörstjórn Akureyrar án innsiglis þar sem aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag var í sama húsnæði og kjörstjórn Akureyrar. Yfirkjörstjórnarmenn afhentu þannig kjörstjórnarmönnum atkvæðin í eigin persónu. Önnur utankjörfundaratkvæði sem bárust yfirkjörstjórn flutti yfirkjörstjórn sjálf með sér á talningarstað þegar flokkun atkvæða hófst um kl. 18.00 á kjördag.

Virðingarfyllst,



Gestur Jónsson

Form. Yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis.